

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjavíkur 10. janúar 2011 í máli nr. E-1396/2006:**

**Db. Friðriks Fáfnis Eiríkssonar**

*(Björgvin Þórðarson hdl.)*

**gegn**

**Jóni Friðrikssyni**

*(Guðmundur Þórðarson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 4. janúar síðastliðinn, var höfðað 22. febrúar og 4. mars 2006 af Dánarbúi Friðriks Eiríkssonar, Ársölum 5, Kópavogi, gegn Jóni Friðrikssyni, Fannafold 105, Reykjavík, og Stefáni Guðsteinssyni, Þverholti 26, Reykjavík.

Í stefnu er þess krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 3.125.233 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. í III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 871.000 krónum frá 25. mars 2002 til 15. apríl sama ár en þá af 3.125.233 krónum til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutnings þóknun.

Við þingfestingu málsins var ekki sótt þing af hálfu stefndu og var stefnan árituð um aðfararhæfi dómkrafna stefnanda auk málskostnaðar 20. mars 2006.

Stefndi Jón krafðist endurupptöku málsins með beiðni 20. febrúar 2009. Röksemdir hans fyrir endurupptöku voru þær að stefna hefði aldrei verið birt fyrir honum. Umsókn stefnanda um endurupptöku málsins var samþykkt með bréfi Hæstaréttar 19. júní 2009 og var málið endurupptekið 6. maí 2010.

Af hálfu stefnda Jóns er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Einnig er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Stefnandi lýsir kröfunni þannig að hún sé byggð á fjórum skuldabréfum útgefnum af Örfirisey ehf. Samkvæmt bréfunum hafi Gemax segulómtæki, sem staðsett hafi verið að Lág múla 5, verið sett til tryggingar skuldinni auk ábyrgðar stefnda Jóns Friðrikssonar og stefnda Stefáns Guðsteinssonar.

Skuldabréf nr. 14410 hafi verið gefið út 3. nóvember 2001, upphaflega að höfuðstól 800.000 krónur. Lánstími hafi verið 36 mánuðir. Afborganir skyldu vera 18 og greiðast á tveggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 25. mars 2002. Vextir væru tilgreindir ársvextir, sem skyldu vera eins og af óverðtryggðum lánum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 auk 4,5% fasts vaxtaálags. Vextir skyldu reiknast af höfuðstól skuldarinnar frá upphafsdegi vaxtaútreiknings og greiðast eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Bréfið hafi fallið í vanskil 25. mars 2002 en þá hafi borið að greiða 1. gjalddaga þess, sem skiptist þannig að afborgun nemi 44.444 krónum og samningsvextir, 71.000 krónum, auk eftirstöðva nafnverðs, 755.556 krónum, eða samtals 871.000 krónur.

Skuldabréf nr. 3220 hafi verið gefið út 15. desember 2001, upphaflega að höfuðstól 700.000 krónur. Lánstími hafi verið 36 mánuðir. Afborganir skyldu vera 18 og greiðast á tveggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. apríl 2002. Vextir væru tilgreindir ársvextir, sem skyldu vera á hverjum tíma jafn háir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 auk 4,5% fasts vaxtaálags. Vextir skyldu reiknast af höfuðstól skuldarinnar frá upphafsdegi vaxtaútreiknings á bréfinu og greiðast eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Bréfið hafi fallið í vanskil 15. apríl 2002 en þá hafi borið að greiða 1. gjalddaga þess, sem skiptist þannig að afborgun hafi numið 38.889 krónum og samningsvextir 51.411 krónum, auk eftirstöðva nafnverðs, 661.111 krónum, eða samtals 751.411 krónur.

Skuldabréf nr. 3221 hafi verið gefið út 15. desember 2001, upphaflega að höfuðstól 700.000 krónur. Lánstími hafi verið 36 mánuðir. Afborganir skyldu vera 18 og greiðast á tveggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. apríl 2002. Vextir væru tilgreindir ársvextir, sem skyldu vera á hverjum tíma jafn háir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 auk 4,5% fasts vaxtaálags. Vextir skyldu reiknast af höfuðstól skuldarinnar frá upphafsdegi vaxtaútreiknings á bréfinu og greiðast eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Bréfið hafi fallið í vanskil 15. apríl 2002 en þá hafi borið að greiða 1. gjalddaga þess, sem skiptist þannig að afborgun hafi numið 38.889 krónum og samningsvextir 51.411 krónum, auk eftirstöðva nafnverðs, 661.111 krónum, eða samtals 751.411 krónur.

Skuldabréf nr. 3222 hafi verið gefið út 15. desember 2001, upphaflega að höfuðstól 700.000 krónur. Lánstími hafi verið 36 mánuðir. Afborganir skyldu vera 18 og greiðast á tveggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. apríl 2002. Vextir væru tilgreindir ársvextir, sem skyldu vera á hverjum tíma jafn háir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 auk 4,5% fasts vaxtaálags. Vextir skyldu reiknast af höfuðstól skuldarinnar frá tilgreindum upphafsdegi vaxtaútreiknings á bréfinu og greiðast eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Bréfið hafi fallið í vanskil 15. apríl 2002 en þá hafi borið að greiða 1. gjalddaga þess, sem skiptist þannig að afborgun hafi numið 38.889 krónum og samningsvextir 51.411 krónum, auk eftirstöðva nafnverðs 661.111 krónum, eða samtals 751.411 krónur.

Samtala skuldabréfanna nemi 3.125.233 krónum og sé það stefnufjárhæð máls þessa. Skuldin hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því hafi

verið nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi heldur því fram að birting stefnunnar fyrir stefnda Jóni hafi verið lögmæt. Hún hafi farið fram á lögheimili hans 4. mars 2006 en það sé lögmæt birting samkvæmt a-lið 3. mgr. 85. gr. laga um meðferð einkamála. Stefnandi hafi verið með skráð lögheimili þar sem stefnan var birt en engu breyti um það þótt skráningunni hafi verið breytt löngu síðar. Stefnda beri að tilkynna um breytingu á lögheimili en hann beri sönnunarbyrði um að hann hafi staðið rétt að því. Engin gögn séu í málinu um að tilkynningarskyldu stefnda hafi verið fullnægt. Stefnandi hafi staðið að stefnubirtingunni með réttum hætti. Stefnandi mótmæli að krafan hafi fallið niður vegna fyrningar en fyrning hafi verið rofin innan fyrningarfrests.

Stefnandi vísi til meginreglna samningsréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fái m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Einnig sé vísað til vanefndaákvæða skuldabréfanna. Málið sé rekið samkvæmt 17. kafla laga 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti styðji stefnandi við reglur 1. mgr. 6. gr. í III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísist til 32. gr. laga nr. 91/1991.

### **Málsástæður og lagarök stefnda Jóns**

Af hálfu stefnda er vísað til þess að með bréfi Hæstaréttar 19. júní 2009 hafi verið heimiluð endurupptaka í máli þessu samkvæmt beiðni stefnda. Málinu hafði upphaflega verið lokið með áritun á stefnu um aðfararhæfi dómkröfu stefnanda auk málskostnaðar. Beiðni um endurupptöku hafi verið rökstudd með því að stefnda, Jóni, hafi ekki verið birt stefna málsins, enda hefði hann ekki átt lögheimili á Íslandi frá 1. janúar 2003.

Hin áritaða stefna hafi aldrei verið birt stefnda Jóni eða öðrum sem hafi verið bær til þess að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd. Þetta megi glögglega sjá á stefnubirtingarvottorði þar sem fram komi að birtingu hafi verið beint að aðila á meintu lögheimili stefnda en sá aðili hafi neitað að móttaka stefnu þar sem stefndi væri búsettur í Svíþjóð. Ekki sé fullnægjandi að skilja stefnuna eftir í bréfalúgu. Stefndi sé læknir að mennt og hafi frá árinu 2002 starfað í Noregi og Svíþjóð og ekki átt lögheimili hér á landi frá 1. janúar 2003. Stefndi hafi verið í góðri trú um að skráning á lögheimili hans á þessum tíma væri rétt í þjóðskrá. Hann geti ekki borið ábyrgð á mistökum þjóðskrárinnar varðandi skráningu á lögheimili hans. Stefnubirting með framangreindum hætti uppfylli því ekki ákvæði 85. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi, Jón, reisi sýknukröfu sína á þeim grundvelli að ábyrgð hans sem sjálf skuldarábyrgðaraðila á öllum skuldabréfunum sé fyrnd. Skuldabréfunum sé lýst í stefnu en þau hafi öll verið með gjalddaga í mars og apríl 2002 og hafi verið í vanskilum síðan.

Samkvæmt 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfu réttinda fynast kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum á 4 árum. Ljóst sé því að kröfur stefnanda á hendur stefnda væru fyrndar enda hafi fyrningu ábyrgðar skuldbindinga hans ekki verið slitið gagnvart honum með neinum þeim hætti sem lög geri ráð fyrir. Stefna málsins geti ekki talist hafa verið birt stefnda með lögmatum hætti en fyrningarfrestur sé liðinn. Krafa samkvæmt sjálfsábyrgð hafi runnið út á öllum 4 skuldabréfunum á árinu 2006.

Stefndi hafi eftir endurupptöku málsins freistað þess að fá stefnanda til að falla frá kröfum sínum í málinu á hendur honum þar sem krafan sé augljóslega fyrnd. Stefnandi hafi ekki orðið við þeirri áskorun.

Um málskostnaðarkröfu sína vísi stefndi til 130. gr. laga um meðferð einkamála.

### **Niðurstaða**

Samkvæmt 4. tl. 3. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda fynast kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum á fjórum árum. Fyrningarfrestur byrjar að líða frá þeim degi er krafa varð gjaldkræf samkvæmt 4. gr. sömu laga en eins og stefnandi lýsir féll krafa hans í gjalddaga á árinu 2002. Fyrning er rofin með birtingu stefnu en þá telst málssókn byrjuð, sbr. 11. gr. sömu laga. Hafi mál ekki verið höfðað innan fyrningarfrests fellur krafan niður fyrir fyrningu samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laganna.

Af hálfu stefnanda er vísað til þess að birting hafi tekist innan fyrningarfrests þar sem stefnan í málinu hafi verið birt á lögheimili stefnda Jóns 4. mars 2006. Í vottorði þjóðskrár frá 7. október 2010 er því lýst að samkvæmt gögnum þjóðskrár hafi stefndi Jón verið skráður með lögheimili að Fannafold 105 í Reykjavík á tímabilinu 5. september 2002 til 8. febrúar 2007. Þjóðskrá hafi borist upplýsingar um að sú skráning gæti verið röng. Með ákvörðun þjóðskrár 8. febrúar 2007 hafi skráningunni verið breytt þannig að lögheimili mannsins í þjóðskrá skyldi vera talið í útlöndum frá og með 1. janúar 2003. Lögheimili hans hafi verið skráð frá útlöndum 18. maí 2010 að Hlíðarvegi 37 í Kópavogi miðað við 17. maí s.á. og hafi verið skráð þar síðan.

Engar frekari upplýsingar liggja fyrir í málinu um hina röngu skráningu lögheimilis stefnda Jóns í þjóðskrá á þeim tíma sem hér skiptir máli eða hverjar ástæður voru fyrir henni. Þá er heldur ekki upplýst í málinu, enda engin gögn um það, að stefndi Jón hafi vanrækt að tilkynna breytingu á lögheimili þegar hann flutti til útlanda á árinu 2003 eða að hann hafi ekki farið eftir öðrum reglum sem leitt hafi til að lögheimili hans var ranglega skráð í þjóðskránni á umræddu tímabili. Með vísan til þess verður hann ekki látinn bera hallann af því að skráning á lögheimili hans var röng þegar birting stefnunnar fór fram.

Að þessu virtu og með vísan til ákvörðunar þjóðskrár um skráningu lögheimilis stefnda Jóns í þjóðskrá þannig að það skyldi talið vera í útlöndum frá og með 1. janúar 2003 þar til í maí 2010 er fallist á þá málsástæðu stefnda Jóns að birting stefnu hafi ekki farið fram á lögheimili hans 4. mars 2006. Fyrning var þar með

ekki rofin innan fyrningarfrests og hefur krafa stefnanda á hendur stefnda Jóni því fallið niður fyrir fyrningu. Með vísan til þess ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda Jóni málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

Málið dæmir Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Friðriksson, er sýknaður af kröfum stefnanda, Dánarbús Friðriks Eiríks sonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Jóni 150.000 krónur í málskostnað.

Sigríður Ingvarsdóttir.